



UMHVERFISSTOFNUN

VEIÐI DAGBÓK

2012



where next

GARMIN



ÞÚ FINNUR LÍKLEGA
BESTU VEIÐISTAÐINA
MEÐ GARMIN

GARMINBÚÐIN

Ögurharfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

Í eftirfarandi greinum birtast skoðanir og viðhorf greinahöfunda sem endurspeгла ekki alltaf skoðanir og viðhorf Umhverfisstofnunar. Með birtingu greinanna er ekki verið að taka afstöðu til efnis þeirra.



EFNISYFIRLIT

4

6

8

8

9

10

11

12

16

20

22

36

38

41

42

LEIÐARI

REFA- OG MINKAVEIÐI

SUNDURLIÐUÐ REFAVEIÐI 1998-2011

YFIRLIT REFA- OG MINKAVEIÐA 2009-2011

ÚTHLUTANIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI

ÚTGEFIN VEIÐIKORT 1995-2010

SKILAHAPPDRÆTTI 2012

VEIÐAR Á ÁLKU, LANGVÍU OG STUTTNEFJU

STAÐA LUNDASTOFNSINS VIÐ ÍSLAND 2011

ALDURSGREINING GÆSA Í SÁRUM

NÝ MATVÆLALÖGGJÖF

ÚTGJÖLD SKOTVEIÐIMANNA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA

RANNSÓKNIR Á HREINDÝRAVEIÐUM Í NÖREGI

SKRÁNING VEIÐISVÆÐA Á VEIÐISKÝRSLU

VEIÐITÖLUR

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Borgir v/Norðurslóð • 600 Akureyri • Sími: 591 2000 • Bréfasími: 591 2101

Heimasíða: www.umhverfisstofnun.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsíðu: Einar Guðmann

Prentun: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700

Ritstjóri: Steinar Beck

Umbrot og hönnun: Einar Guðmann

Ábyrgðarmaður: Bjarni Pálsson

Útgáfunúmer UST-2012:04



UMHVERFISSTOFNUN

Leiðari

Veiðar á Íslandi standa á tímamótum. Nú stendur yfir endurskoðun á villidýralögum og Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. Innan Evrópusambandsins er lagt upp með að veiðar séu sjálfbærar og ákvörðun um veiðar tekur út frá því sjónarmiði og byggir mat á sjálfbærni veiða á upplýsingum um stofnstærð og skilgreiningum á hvað geti talist ásættanleg stofnstærð. Á Íslandi hefur þetta ekki verið skilgreint og því er í raun ómögulegt að segja til um hvort veiðar séu sjálfbærar eða ekki.

Hvort sem Ísland gengur í ESB eða ekki þarf umræða um þessi atriði að fara fram og leiða að niðurstöðu um hvernig fyrirkomulagi veiða verði háttáð héraðs til framtíðar. Umhverfisstofnun mun taka þátt í umræðunni og eiga viðtækt samráð við þá sem málin snerta.

Árið 2011 var viðburðaríkt ár. Úthlutun hreindýraveiðileyfa í febrúar var með sama fyrirkomulagi og árið áður. Farið var eftir svokallaðri fimm skipta reglu sem miðar að því að fækka þeim sem ekki hafa fengið úthlutað leyfi síðustu fimm ár. Kvóti ársins 2011 var 1001 dýr. Í maí 2011 var haldin ráðstefna sem bar yfirskriftina Transboundary Wildlife management-Sustainable hunting in a changing world á vegum Nordic Board for Wildlife Research (NKV). Á ráðstefnunni komu aðilar frá norðurlöndunum og Norður Ameríku og fjölluðu um veiðistjórnun í sínu heimalandi og þróun í þeim efnum.

Í júní 2011 var haldið námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og bættust þá við 30 leiðsögumenn. Námskeiðið var haldið í kjölfar þess að samþykkt voru á Alþingi ný lög um hreindýraveiðar og reglur um leiðsögumannanámskeið. Í nýju lögum var einnig gerð meiri krafa til hreindýraveiðimanna sem þurfa nú að gangast undir skotpróf áður en þeir geta veitt hreindýr.

Umhverfisstofnun og Skotveiðifélag Íslands tóku sig saman og fóru af stað með verkefni sem kallaðist „Dúfnaveislan.“ Markmið verkefnisins var að hvetja skotveiðimenn til að fara á skotvöllinn og æfa sig áður en haldið er til veiða. Betri hittni veiðimanna kemur í veg fyrir að fuglar særist og náist ekki.

Í desember 2011 var haldið málþing á vegum Umhverfisstofnunar sem bar yfirskriftina „Loftslag og lífríki“ þar sem umfjöllunarefnið var hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á náttúru Íslands. Á ráðstefnunni var m.a. rætt um áhrif hnattrænnar hlýnunar á gróðurfar og sjófuglastofna við Ísland.

Ljóst er að á árinu 2012 verður unnið að mikilvægum verkefnum s.s. að endurskoðun villidýralaganna og skilgreiningu á stofnstærð. Umhverfisstofnun vonast til að eiga í góðu samstarfi við veiðimenn í þessum verkefnum sem og öðrum á árinu.

ALLT FYRIR VEIÐINA

í Intersport Bíldshöfða



Marlin

Weatherby



 **INTERSPORT**

Bíldshöfða 20 / Sími: 585 7235 og 585 7239 / veidi@intersport.is
Opíð: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18

Refa- og minkaveiði

Árið 2011 hætti ríkið að taka þátt í að greiða með refaveiðum en endurgreiðslur vegna minkaveiða verða óbreyttar. Umhverfisstofnun sendi sveitarfélögum landsins bréf þess efnis að þau geti ekki vænst þess að fá endurgreiðslur vegna refaveiða á næsta ári, enda búið að fella niður fjárveitinguna í fjárlagafrumvarpinu, en hún var samtals um 17 milljónir króna fyrir árið 2010. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir því að styrkja minkaveiðar með samsvarandi framlagi og verið hefur, í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir 19,4 milljónum í málaflokkinn.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2011 kemur fram, að niðurfelling styrkja til refaveiða hafi verið liður í markmiði umhverfisráðuneytisins að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

Sveitarfélögin ráða menn til refa- og minkaveiða. Sveitarfélögin sjá um að greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar en það er misjafnt milli sveitarfélaga hvort þau eða hve mikið þau greiða


Ljóst er að þar sem ríkið hættir að taka þátt í niðurgreiðslu vegna refaveiða verða sveitarfélög að endurskoða með hvaða hætti staðið er að veiðunum.

fyrir dýr sem óráðnir menn skila inn. Skilyrði fyrir því að fá greitt fyrir dýr er að skotti sé skilað inn en hyggist menn fá greitt fyrir unnið dýr þarf að hafa samband við sveitarfélagið þar sem dýrið var unnið.


Árlega auglýsir Umhverfisstofnun veiðimönnartaxta sem ákvarðaður er út frá þeirri upphæð sem áætluð var í málaflokkinn á fjárlögum ársins og veiðum undangenginna ára. Uppgjörstímabilið er 1.september til 31.ágúst árið eftir en í september senda sveitarfélög Umhverfisstofnun veiðiskýrslur og reikninga tímabilsins. Umhverfisstofnun fer yfir skýrslur og reikninga tímabilsins og greiðir sveitarfélögum allt að helmingi veiðimönnartaxtans. Ljóst er að þar sem ríkið hættir að taka þátt í niðurgreiðslu vegna refaveiða verða sveitarfélög að endurskoða með hvaða hætti staðið er að veiðunum. Umhverfisstofnun sendi bréf á sveitarfélögin þar sem þess var óskað að fá upplýsingar um refaveiðar þrátt fyrir að engar endurgreiðslur væru fyrir þær.

Refa- og minkaveiðar

Tölurnar eru samantekt sem nær yfir tímabilið 1957-2011



Þar sem ríkið er hætt að greiða mótframlag með refaveiðum og sveitarfélögin hafa ekki öll skilað skýrslum er ekki hægt að segja til um það hvort veiðarnar á árinu 2011 hafi dregist eins mikið saman og línuritíð segir til um. Líklega verður að horfa til almennra veiðiskýrsla til að sjá raunverulega veiði á ref en þær tölur liggja ekki endanlega fyrir fyrir en í lok árs 2012.



Árið 2011 bárust skýrslur frá 64 sveitarfélögum vegna refa og minkaveiða. Uppgjörstímabilið er frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Mótframlag ríkisins vegna minkaveiða var um 13 milljónir.

Sundurliðuð refaveiði 1998-2011

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2011	2170	960	1678	4807
2010	2891	1273	2230	6394
2009	3540	1121	2084	6745
2008	3092	1089	2259	6440
2007	2397	939	1908	5244
2006	2687	858	1875	5420
2005	2151	991	2183	5325
2004	2340	1084	2264	5688
2003	2154	833	1845	4832
2002	2571	790	1907	5268
2001	1860	881	1936	4677
2000	1899	757	1812	4468
1999	2073	731	1769	4573
1998	1476	629	1669	3774

Yfirlit refa- og minkaveiða 2009-2011

	Refir			Minkar		
	2011*	2010	2009	2011	2010	2009
Veidd dýr	4.807	6.394	6.745	3.682	3.722	4.818
Vinnustundir	8.814	14.144	15.089	8.033	6.458	9.120
Ekknir km	51.579	72.631	73.605	54.173	48.993	68.730
Kostnaður millj.kr	63	87	89	30	28	37
Kostn. pr.veitt dýr	13.145	13.668	13.725	8.290	7.651	7.615
Vinnustundir pr. veitt dýr	1,8	2,2	2,3	2,2	1,7	1,9
Ekknir km. pr. veitt dýr	10,7	11,4	11,4	14,7	13,2	14,3

* Ríkið greiddi ekki móttframlag til sveitarfélaganna vegna refaveiða ársins 2011..

Úthlutanir úr veiðikortasjóði

Í lok árs 2010 skipaði Umhverfissráðherra ráðgjafanefnd um úthlutun úr veiðikortasjóði. Nefndina skipa tveir fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun og fulltrúar frá Skotveiðifélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar.

Nefndin tók til starfa fljótlega eftir skipun og fjallaði um þau verkefni sem sótt var um 2010 og úthlutað var 2011.

Árið 2011 var úthlutað úr Veiðikortasjóði af rekstrarafgangi ársins 2010 til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Rjúpnarannsóknir 2011	8.100.000	Náttúrufræðistofnun Íslands	Ólafur K. Nielsen
Stofngerðarrannsóknir á íslensku rjúpunni	2.990.000	Náttúrufræðistofnun Íslands	Kristinn P. Magnússon
Breytingar á fæðuvali minks á Snæfellsnesi	2.750.000	Náttúrustofa Vesturlands	Rannveig Magnúsdóttir
Íslensk/breski grágæsastofninn	2.500.000	Náttúrustofa Austurlands	Skarphéðinn G. Þórisson
Stofnrannsóknir á lunda	2.258.000	Náttúrustofa Suðurlands	Erpur S. Hansen
Vöktun á unghlutf. í veiðistofnum gæsa og anda	2.163.000	VERKÍS	Amór Þ. Sigfússon
Vöktun íslenska refastofnsins	1.902.000	Líffræðistofnun HÍ	Páll Hersteinsson
Breytileiki í gæðum varpbúsvæða	1.660.000	Háskólaásetur Suðurlands	Tómas G. Gunnarsson
Nýting á villibráð	1.200.000	SKOTVÍS	Sigmar B. Hauksson
Kaup á netbyssu til að merkja hreindýr	1.100.000	Náttúrustofa Austurlands	Skarphéðinn G. Þórisson
Áhrif eggjatöku á afkomu heiðagæsa og grágæsa	700.000	Náttúrustofa Austurlands	Halldór W. Stefánsson
Myndavélaáskilna og minniseining - rannsóknir á bjargfuglum	177.000	Náttúrustofa Suðurlands	Erpur S. Hansen
Samtals	27.500.000		



Útgefin veiðikort 1995-2011

Fjöldi útgefina veiðikorta, tekjur og kostnaður.

Ár	Fj. Umsóknna	Útg. veiðikort	Greidd veiðikort	Tekjur	Rekstrarkostn.
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,8	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8
2008	11.347	10.430	10.424	24,9	12,0
2009	13.755	12.421	12.400	48,4	16,8
2010	13.593	12.926	12.838	48,0	15,4
2011	13.650	12.675	12.675	47,5	15,5



Skilahappdrætti 2012

Veiðimenn sem skila veiðiskýrslum fyrir lok dags 15. febrúar eiga möguleika á happdrættisvinningi. Dregið var úr 6948 skýrslum að þessu sinni.

1. Verðlaun

Garmin Dakota 10 GPS staðsetningartæki með Íslandskorti að verðmæti kr. 5 8.800,-

Vinningshafi:

Jónmundur Guðmarsson

Sandakri 2 - Garðabæ

2.-4. Verðlaun

Bækur eftir Úlfar Finnbjörnsson:

Stóra bókin um villibráð

Hilmar Kristinn Friðþjófsson

Reykjavegi 52a - 270 Mosfellsbæ

Haukur Eiríksson

Vindakór 16- 203 Kópavogi

Bragi Bragason

Drekavöllum 26 - 221 Hafnarfirði



5.-10. Verðlaun

Bækur eftir Einar

Guðmann

Skotvopnabókin og Veidar á villtum fuglum og spendýrum.

Jón Hróbjartur H Kristinsson

Ranavað 10 - 700 Egilsstaðir

Aðalsteinn Einarsson

Hólmaseli 2 - 109 Reykjavík

Jón Þorsteinsson

Króktúni 15 - 860 Hvalsvíllur

Bolli Pétur Bollason

Laufási, 601 Akureyri

Valur Richter

Aðalstræti 9 - 400 Ísafirði

Birgir Kristbjörn Hauksson

Flétturima 36 - 112 Reykjavík



Veiðar á álku, langvíu og stuttnefju

Veiðar á svartfuglum þ.e álku, langvíu og stuttnefju hafa líklega verið stundaðar alveg frá landnámi og bæði fugl og egg nytjuð. Segja má að þessar tegundir séu nær eingöngu veiðdar í skotveiði fyrir utan eggjatöku ólíkt lundaveiði sem er nær eingöngu háfaveiði en örfáir skotnir. Með tilkomu veiðikortakerfisins árið 1995 með gildistöku laga 64/1994 hófst nákvæm skráning á veiðum þessara tegunda. Veiðar á þessum þremur

Veiðin var nokkuð stöðug fram til 2004 en þá dregur verulega úr skráðri veiði

tegundum hafa dregist verulega saman ef miðað er við upphaf skráninga í veiðiskýrslur.


Veiðar á álku hafa dregist töluvert saman frá því skráningar hófust eins og sjá má á 1. mynd. Veiðar á álku eru nú um 53% af því sem þær voru árið 1999 þegar skráð veiði var mest. Fjöldi veiðimanna sem skráði álkuveiðar á skýrslur var að meðaltali um 800




Langvíur í Grímsey 2011.

fram til 2004 en hefur síðan fækkað í um 600. Meðalveiði á álku hefur samhliða minnkandi veiði dregist saman en hún var mest 1998 og 1999 um 32 fuglar, en árið 2010 var meðalveiðin um 20 fuglar.

Veiði á langvíu hefur einnig dregist verulega saman miðað við það sem var þegar skráningar hófust í veiðiskýrslur. Veiðin var nokkuð stöðug fram til 2004 en þá dregur



1. mynd. Heildarveiði álku og veiði eftir landshlutum



2. mynd. Heildarveiði langvíu og veiði eftir landshlutum




Álka í Grímsey 2011.

Ljósmynd: Einar Guðmann - gudmann.is

verulega úr skráðri veiði. Veiðarnar í dag eru rétt um 35 % af því sem þær voru árið 2000 þegar mest veiddist eða um 66 þúsund fuglar. Fyrir 2004 voru að meðaltali um 1.300 manns sem veiddu langvíu en eftir 2004 fækkaði þeim verulega og hafa að meðaltali verið um 900. Samhliða samdrætti í veiðum og fækkun veiðimanna hefur meðalveiði minnkað mikið frá því sem mest var árið 2000 eða úr 57 fuglum niður í 24 fugla árið 2010.

Mun víðtækari rannsókn á þessum stofnum til að fá góða mynd af því sem er að gerast. Mörgum spurningum er ósvarað líkt og hvert hlutfall varpugla er í veiði, varpárangur og unghlutfall fugla sem verpa.

Veiðar á stuttnefju fylgja sama munstri og aðrir stofnar sem fjallað hefur verið um hér að framan. Veiði fer minkandi frá því um 2000 en breytingarnar eru mjög afgerandi eftir 2004. Veiðarnar voru mestar árið 1999 eða rúmir 21 þúsund fuglar en árið 2010 voru veiddar tæplega 7 þúsund stuttnefjur, aðeins um 31% af því sem mest hefur verið. Fjöldi veiðimanna sem skrá stuttnefju í veiðiskýrslur var að meðaltali tæpir 700 fram til 2004 en eftir það eru þeir rúmir 400.



3. mynd. Heildarveiði stuttnefju og veiði eftir landshlutum

Meðalveiðin hefur dregist saman um helming en mest var hún 1998 og 1999 þá 30 fuglar en árið 2010 er hún komin niður í 14 fugla.

Helsta ástæða fækkunar er talin vera fæðuskortur en skipta má landinu í tvennt í þeim málum. Samkvæmt rannsóknum um fæðu svartfugla þá er sandsíli aðal fæða þeirra á suðurhluta landsins. Þegar norðar dregur verður loðna aðal uppistaðan í fæðunni. Mun víðtækari rannsókn er þörf á þessum stofnum til að fá góða mynd af því sem er að gerast.

Helsta ástæða fækkunar er talin vera fæðuskortur en skipta má landinu í tvennt í þeim málum.


Mörgum spurningum er ósvarað líkt og hvert hlutfall varpfugla er í veiði, varpárangur og unghlutfall fugla sem verpa. Einnig er nokkuð ljóst að kanna verður með varp á nýjum svæðum þar sem fuglinn virðist vera að flytja sig norður á bóginn.

Staða lundastofnsins við Ísland 2011

Lengi hefur verið talið að stofn lunda (*Fratercula arctica*) væri stærsti fuglastofn landsins. Við lögðum drög að stofnmælingu fyrir mörgum árum en af ýmsum ástæðum, svo sem að önnur störf knúðu á og fé skorti, urðum við að gera hlé á þessu verkefni. Nú eftir langt hlé er unnið með aðstoð veiðikortasjóðs að því að meta stofnstærðina og álitum við að hér verpi um 2.500.000 varppör. Lundi er jafnframt mest veiddi fuglastofn landsins (*sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar*).

Um þriðjungur lundastofns Íslands verpur í Vestmannaeyjum (*Erpur Snær Hansen o.fl. í prentun*) en varpárangur lunda þar hefur verið slakur og farið versnandi undanfarin sjö ár. Aldurshlutföll í veiði á árunum 2007-2009 benda til að varpárangur hafi verið lítil 2005-2006. Beinir mælingar með svonefndri „holumyndavél“ sýna litla viðkomu


Friðun yrði svo aflétt í áföngum (t.d. með lengingu veiðitíma) eftir að stofninn sýnir batamerki.



Lundi (*Fratercula arctica*).

2007-2009 (*Erpur Snær Hansen o.fl. 2009*) og algeran afkomubrest 2010-2011 (*Erpur Snær Hansen o.fl. handrit*).

Þessar beinu mælingar á viðkomu lunda í Eyjum voru einu fyrirliggjandi upplýsingar um varpárangur lunda héraðs þar til veiðikortasjóður styrkti mælingu á ábúðarhlutfalli varphola (hlutfalli hola sem orpið



1. mynd. Viðkoma og stofndreifing lunda 2011. Áætlaður heildarfjöldi er 2.500.000 pör. Fjöldi (þúsundir para) er sýndur fyrir hvern landshluta. Grænir deplar tákna staði þar sem viðkoma lánaðist sæmilega eða vel. Rauðir deplar sýna staði þar sem viðkoman brást. Varpstaðirnir eru tölusetttir réttisælis um landið: 1. Ingólfshöfði 2. Vestmannaeyjar, 3. Akurey Faxaflóa, 4. Elliðaey Breiðafirði, 5. Grímsey Steingrímsfirði, 6. Vigur Ísafjarðardjúpi, 7. Drangey, 8. Grímsey, 9. Lundey á Skjálfanda, 10. Hafnarhólmi, Borgarf. E., 11. Papey.

er í) og varpárangurs í 13 og 11 lundabyggðum umhverfis landið sumrin 2010 og 2011. Niðurstöður árið 2011 sýna að viðkoma er lítil sem engin á „silasvæðinu“ frá Breiðafirði, Faxaflóa, og á suðurlandi til austfjarða þar sem um 75% stofnsins verpa (1. mynd, rauðir hringir). Á „loðnusvæðinu“ fyrir norðurlandi

og í Ísafjarðardjúpi þar sem um 25% varpstofnsins verpa var varpárangur um eða yfir meðallag (1. mynd, grænir hringir). Árið 2010 voru aðeins silasvæðin athuguð utan Vigur og niðurstöður áþekkar og árið eftir en vel gekk í Vigur. Samkvæmt þessum niðurstöðum lítur út fyrir að stofnhrun sé nú að eiga sér stað hjá þremur



Ljósmynd: Einar Guðmann - gudmann.is

fjórðu stofnsins og eru allar veiðar þá augljóslega ósjálfbærar. Ekki er þekkt hversu langan aðdraganda þessi viðkomubrestur á sér innan sílasvæðisins en heimamenn segja þó af viðvarandi ungasauða í Papey yfir sama árabíl og í Eyjum. Með hliðsjón af varúðarreglu er lundinn látinn njóta vafans. Því þarf að leggja til tímabundna friðun og sölubann afurða á landsvísu, enda virðist þessi óáran í lundnum enn vera í aukningu í tíma og rúmi. Friðun yrði svo aflétt í áföngum (t.d. með lengingu veiðitíma) eftir að stofninn sýnir batamerki.

Þakkir

Fjölmarginir aðstoðuðu við þessar rannsóknir á ýmsan hátt og hljóta verðskuldaðar þakkir fyrir. Veiðikortasjóður og Rannsóknasjóður styrktu rannsóknirnar.

Heimildir

Erpur Snær Hansen, Hálf dán Helgi Helgason, Elínborg Sædis Pálsdóttir, Béréngère Bougué & Marínó Sigursteinsson 2009. Staða lundastofnsins í Vestmannaeyjum. - Fluglar 6 46-48.

Erpur Snær Hansen, Marínó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson Í prentun. Lundatal Vestmannaeyja. - Bliki 31

Erpur Snær Hansen, Marínó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson handrit. Varpárangur lunda við Ísland.

ALLT Í SKOTVEIÐINA

Fjölbreytt úrval skotvopna frá heimsins bestu framleiðendum og allur annar búnaður sem skotveiðimenn þurfa á að halda. Komdu við hjá okkur áður en þú heldur til veiða.


BROWNING
RECKNAGEL
Remington.
sako
FINLAND


WINCHESTER
Blaser
SCHMIDT & BENDER
SAUER
KAHLES


REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
 AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16

Aldursgreining gæsa í sárum

Að aldursgreina gæsir í sárum er hægt að gera með nokkrum aðferðum. Hægt er að meta aldur út frá myndum þar sem útlitseinkenni gæsanna eru skoðuð. Í merkingum eru fuglarnir meðhöndlaðir og þá gefst tækifæri til að skoða yfirvængþökur sem segja til um aldur. Með einfaldari leið er hægt að heimsækja fellistaði og safna dvergvængsfjöðrum. Fjaðrirnar er hægt að greina strax til eins árs fugla og eldri (Halldór Walter Stefánsson 2011). Dvergvængsfjöður af unga helst óbreytt þar til hún hefur verið felld í júlí þegar fuglinn er rúmlega árgamall. Hún brotnar síðan smá saman niður. Á fellistöðum eru þær greindar frá öðrum dvergvængsfjöðrum. Höfundur fékk styrk úr Veiðikortasjóði árið 2010 til að heimsækja fellistaði gæsa vítt og breitt um landið og kanna aldur gæsanna með dvergvængsaðgerðinni (Halldór Walter Stefánsson 2011).


Dvergvængsfjöðrum hefur verið safnað á fellistöðum grágæsa á Héraði frá árinu 2005. Heiðagæsafjöðrum var safnað 2009–2011, aðallega á Eyjabökkum. Árið 2010 söfnuðust 446 fjaðrir af grágæsum og 227 af heiðagæsum á 41 fellistað. Út frá

töldum gæsum á fellistöðum eru líkurnar á að finna þessa tilteknu fjöður 1 á móti 26 hjá grágæs en 1 á móti 44 hjá heiðagæs (geldgæsir). Þetta hlutfall er mun minna hjá varpfuglum eða 1 á móti 210 hjá heiðagæs og 1 á móti 64 hjá grágæs. Vægi hvernar dvergvængsfjöður er því mikið.


Ljóst var að fjaðrir sem teknar voru á fellistöðum gáfu aðeins stöðuna fyrir hvern fellihóp. Geldar heiðagæsir fella flugfjaðrir að stórum hluta á Grænlandi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2001) og grunur er um að það geti líka átt við um geldar grágæsir að einhverju leiti (Halldór Walter Stefánsson, ferðadagbækur).

Rannsóknin leiddi í ljós fjölda eins árs gæsa í hópum geldfugla á fellistöðum en þeir einstaklingar voru ungar árið áður. Hlutfallið gaf til kynna að lífslíkur unga eftir fyrsta veturinn virðast nokkuð góðar. Að meðaltali voru 33% heiðagæsafjaðra af eins árs fuglum og 21% grágæsafjaðra. Vísitölu fyrir ákveðinn aldurshóp er hægt að bera saman við aðrar mælingar og milli ára. Eins árs grágæsir kusu í einhverjum tilvikum að fella fjaðrir saman en blöndun í hópum var yfirleitt til staðar.

Á Eyjabökkum hefur um langt skeið verið einn stærsti fellihópur geldra heiðagæsa á Íslandi og jafnvel víðar.



1. mynd. Hlutfall árgamalla grágæsa á fellistöðum.



2. mynd. Hlutfall árgamalla heiðagæsa á Eyjabökkum.

Söfnun fjadra þar sýndi að fellistöðin er mikilvæg fyrir eins árs heiðagæsir.

Með því að kanna hlut eins árs gæsa á fellistöðum bætist við þekking á aldursamsetningu í geldhópum sem lítið var vitað um. Mikilvægt er að þetta verði skoðað víðar en hér á landi.

Heimildir:

Halldór Walter Stefánsson 2011. Aldursgreining gæsa í sárum. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Mars 2011. 31 bls.

Halldór Walter Stefánsson, ferðadagbækur.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2001. Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2001/024) – NF-0100. Reykjavík, 2001.

Ný matvæla- löggjöf

Áhrif á veiðar og sölu villibráðar

Þann 1. nóvember 2011 tóku gildi hér á landi ýmsar reglugerðir ESB er varða matvæli og matvælaöryggi. Þetta eru reglur sem Ísland hefur samþykkt að taka upp skv. EES-samningnum.

Aðalinntak þessarra reglugerða er matvælaöryggi, neytendavernd og rekjanleiki. Þær eru bæði almennar um öll matvæli og sértækar m.a. um búfjárafurðir, sjávarfang, egg, hunang og villibráð.

Skilgreind eru eftirfarandi hugtök um villibráð.

a) Villt veiðidýr;

- villt hóf- og klaufdýr og nartarar
- villtir fuglar sem veiddir eru til manneldis

b) Starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr;

- starfsstöð þar sem felld veiðidýr og kjöt af felldum veiðidýrum er forunnið fyrir setningu á markað.

Af framansögðu er ljóst að opinberir aðilar koma að því að viðurkenna kjöt sem fer til dreifingar á almennum markaði, í heilum skrokkum eða unnið. Veidd dýr og fuglar sem ætluð eru

til dreifingar og sölu á almennum markaði verða því að fara í gegnum viðurkenndar stöðvar.

Reglugerðirnar taka ekki til beinnar sölu beint til næsta neytanda á litlu magni, ss. einum eða fáum fuglum eða td. einu læri ef það er ekki að fara í almenna dreifingu í verslanir eða veitingastaði.

Síðan eru ákvæði um hvaða líffæri og upplýsingar skuli fylgja hverju dýri til skoðunar og hvernig á að leggja það fram á skoðunarstöð. Fyrir hreindýr er því eiginlega ekki um neina breytingu að ræða.

En það koma inn ákvæði um skoðun á fuglajakjöti sem ætlað er í almenna dreifingu. Þau eru að færa skal þá fugla í skoðunarstöð þar sem þeir eru meðhöndlaðir/unnir.

Reglulega hafa borist fyrirspurnir um útflutning

á fuglajakjöti til Evrópulanda. Erlend yfirvöld gera kröfu um að fuglarnir hafi verið meðhöndlaðir og skoðaðir í slíkri skoðunarstöð/aðstöðu.

Hér á landi er aðeins ein verkunarstöð fyrir villibráð (hreindýr). Mikilvægt er að komið verði upp fleiri slíkum stöðvum á helstu veiðisvæðum.

Gæði og öryggi villibráðar er allra hágar.

**Veidd dýr og fuglar
sem ætluð eru
til dreifingar og
sölu á almennum
markaði verða því
að fara í gegnum
viðurkenndar
stöðvar.**

SKOTVÍS

Fagleg veiðistjórnun



Rannsóknir, þekking og fagleg veiðistjórnun er forsenda fyrir sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.

Krafa SKOTVÍS er að stjórnvöld stundi **Faglega** veiðistjórnun sem byggir á **Rannsóknum** og **Þekkingu** fræðimanna og veiðimanna.

Náttúra Íslands er auðlind sem ber að **Nýta** á **Ábyrgan** hátt og SKOTVÍS stendur vörð um réttindi veiðimanna sem sýna **Ábyrgð** og **Aga** við veiðar og huga að **Veiðisiðferði**.

Góðir skotveiðimenn sýna náttúrunni, sjálfum sér og öðrum **Virðingu** og **Umburðarlyndi**.

Með því að gerast félagi í Skotveiðifélagi Íslands hefur þú áhrif á mótun framtíðar skotveiða.

Hvernig vilt þú hafa áhrif á framtíð skotveiða á Íslandi?

www.skotvis.is

Skotveiðifélag Íslands - Landssamtök um skynsamlega skotveiði

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

Tegund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					

Veiðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

kk fullo.

kvk ung.

kvk fullo.

Samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	Samtals
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					
<hr/>					

Veðistaður:

Dags:

Landeigandi:


Sími:

Vindátt:

Veður:

Annað:

Skotanotkun:



VEIÐISVÆÐI

Merktu við svæði

Tegund

kk ung.

